



Erindi til Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps

Ísafirði, 26. mars 2018

Beiðni um stuðning við afreksbraut við Menntaskólann á Ísafirði skólaárið 2018-2019

Skólaárið 2018-2019 stendur til að endurvekja afreksbraut við Menntaskólann á Ísafirði. Telja stjórnendur MÍ afreksbrautina vera leið til að auka fjölbreytni í námi, auka stuðning við afreksfólk meðan á námi stendur, fjölga nemendum og síðast en ekki síst mikilvægan forvarnarþátt.

Á fundi með fulltrúum sveitarfélaganna þriggja þann 16. mars s.l. voru þessi áform Menntaskólans kynnt og rædd. Í framhaldinu leitum við til sveitarfélaganna þriggja eftir styrk að upphæð 2.500.000 kr sem myndi skiptast hlutfallslega eftir stærð sveitarfélaganna á haustönn 2018 (1. október 2018) og vorönn 2019 (1. febrúar 2019). Einnig óskum við eftir fleiri tímum á morgnana í íþróttahúsinu á Torfnesi án þess að leiga MÍ verði hækkuð sem og aðgangi að þreksal í íþróttamiðstöð Árbæjar á skólatíma.

Með vinsemd og virðingu,

Hildur Halldórsdóttir skólameistari

